

51

20. apríl

Á eftir 42. gr. laganna kemur ný gr., svo hljóðandi:

Heimilt er einnig að lána bæjar- og sveitarfélögum úr lánadeildinni til þess að byggja smáar íbúðir í því skyni að útrýma lélegum og heilsuspillandi íbúðum. Lán til sveitarfélags fari þó aldrei yfir fjórða hluta af heildarupphæð þeirri, sem samkv. starfsreglum lánadeildarinnar er metin hæfileg lánsfjárveiting í hlutaðeigandi kaupstað eða kauptún á því ári.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

52

20. apríl

L Ö G

um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Jörðin Kaldbakur í Reykjahreppi, sem er eign Húsavíkurkaupstaðar, skal lögð undir lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar frá 1. maí 1954.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Húsavíkurkaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða þurfamenn og framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Reykjahreppi, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar í Kaldbak.

3. gr.

Nú verður ekki, innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara, samkomulag milli bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar og hreppsnefndar Reykjahrepps um bætur fyrir tekjurýrnun Reykjahrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu þær þá ákveðnar af gerðardómi, skipuðum þrem mönnum. Nefna aðilarnir sinn manninginn hvor í dóminn, en félagsmálaráðherra skipar oddamann, sem skal vera formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðili eða báðir að nefna mann í dóminn, skal félagsmálaráðherra skipa mann eða menn í staðinn, svo að dómurinn verði fullskipaður.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.